



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til sveitarfélaga og landshlutasamtaka
sveitarfélaga

Reykjavík 11. september 2019
1511181SA VRH
Málalykill: 00.57

Efni: Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2019

Árleg fjármálaráðstefna sveitarfélaga verður haldin fimmtudaginn 3. október og föstudaginn 4. október á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu við Suðurlandsbraut í Reykjavík.

Skráning á ráðstefnuna fer fram með rafrænum hætti á [vef sambandsins](#) en þar má einnig nálgast dagskrá ráðstefnunnar. **Skráningu lýkur mánudaginn 30. september og eru sveitarstjórnarmenn og aðrir vinsamlega beðnir um að virða þau tímamörk og skrá sig tímanlega. Við minnum á að í fyrra komust færri að en vildu.**

Ráðstefnan hefst fyrri daginn kl. 10:00 með ávarpi Aldísar Hafsteinsdóttur formanns sambandsins. Flutt verða fjölmörg fróðleg erindi um málefni sveitarfélaga með áherslu á fjármál en í lok fyrri ráðstefnudags verður boðið upp á léttar veitingar.

Síðari ráðstefnudeginum verður skipt upp í eftirfarandi fjóra hluta.

- Fjármál sveitarfélaga
- Rekstur sveitarfélaga
- Fræðslu og velferðarmál
- Umhverfismál

Ráðstefnunni lýkur kl. 12 á hádegi 4. október.

Þátttökugjald er 19.500 kr. og eru innifaldar í því veitingar og fundargögn. Boðið er upp á þann möguleika að taka eingöngu þátt í síðari degi ráðstefnunnar gegn 9.000 kr. þátttökugjaldi.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
Valur Rafn Halldórsson
sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs